

Föstudagur, 18. febrúar 2005

235. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 8/2005

**Kvörtun Bændaferða ehf. yfir notkun Terra Nova Sólar ehf.  
á orðinu bændaferðir**

**I.**

**Erindið og málavextir**

**1.**

Með erindi, dags. 19. nóvember 2004, kvartar Ólafur Ari Jónsson hdl., f.h. Bændaferða ehf., yfir notkun Terra Nova Sólar ehf. á orðinu bændaferðir með vísan til 21. og 25. gr. samkeppnislaga.

Í erindinu kemur fram að Bændaferðir hafi frá árinu 1966 annast skipulagningu hópferða til útlanda og að á árinu 1999 hafi verið stofnað einkahlutafélag um reksturinn undir nafninu Bændaferðir ehf. Þá er bent á að samkeppnisráð hafi komist að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 28/2003, *Kvörtun Bændaferða ehf. yfir notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir*, að heitið Bændaferðir hafi með langri notkun og skráningu öðlast markaðsfestu. Nái verndin m.a. til þess að önnur fyrirtæki noti ekki heitið þannig að ruglingshætta skapist.

Málavextir eru þeir að á vefsvæði, í auglýsingum og í auglýsingablaði Terra Nova Sólar, *Sérferðir Terra Nova 2005*, voru í nóvember 2004 auglýstar ferðir á árinu 2005 undir nafni Bændaferða. Þannig sagði m.a.:

„*Bændaferðir/Menningarferðir*“;  
„*Bændaferðir Terra Nova*“ og  
„*Sérferðir-Bændaferðir*“.

Þá sendi Terra Nova bréf til viðskiptavina Bændaferða þar sem ferðaáætlun Bændaferða fyrir sumarið 2005 var kynnt. Þar kom m.a. fram að boðið yrði upp á ferðir til áfangastaða sem ekki hafi staðið farþegum Bændaferða til boða áður. Þá hafi reynslumiklir og góðir fararstjórar verið fengnir til liðs við ferðaskrifstofuna.

Í erindinu kemur fram að auglýsingar Terra Nova Sólar hafi valdið verulegum misskilningi hjá viðskiptavinum Bændaferða.

Í máli þessu liggur fyrir samningur um samstarf milli Bændaferða og Terra Nova Sólar. Samningurinn er dagsettur 16. desember 2003 og með gildistíma frá 17. desember 2003 til 31. desember 2004. Í samningnum kemur fram að Bændaferðir muni skipuleggja allar ferðir, bóka í þær og annast kynningar þeirra. Samráð skuli haft við Terra Nova Sól eftir því sem henta þyki um skipulag. Jafnframt kemur fram að í bæklingi Terra Nova Sólar yfir ferðir á árinu 2004 verði bændaferðir kynntar og gerð grein fyrir samstarfi félaganna. Í samningnum kemur fram að hann gildi fyrir árið 2004 og framlengist um eitt ár ef aðilar séu því samþykkir. Uppsögn þurfi að tilkynna fyrir 1. nóvember ár hvert.

Í málgögnum kemur jafnframt fram að samningur Bændaferða og Terra Nova Sólar var ekki í gildi fyrir árið 2005. Á seinni hluta ársins 2004 keypti Ferðapjónusta bænda hf. Bændaferðir af stofnanda ferðaskrifstofunnar. Í þessu sambandi er í gögnum málsins m.a. að finna tilvísun til samtals forsvarsmanna Terra Nova Sólar og Ferðapjónustu bænda um þetta atriði.

## 2.

Samkeppnisstofnun sendi erindi Bændaferða til umsagnar Terra Nova Sólar með bréfi, dags. 23. nóvember 2004. Í bréfinu tók Samkeppnisstofnun fram að ákvæði 20. gr. samkeppnislaga gætu einnig komið til álitu í málinu.

Svar Terra Nova Sólar er dagsett 25. nóvember 2004. Þar kemur fram að ferðaskrifstofan hafi í þrjú ár auglýst undir nafninu Bændaferðir Terra Nova og talið sig vera með gildandi samning um slíkar ferðir til loka ársins 2004. Í samningnum sé hvergi tilgreint að ekki sé leyfilegt að skipuleggja ferðir undir nafni Bændaferða meðan samningurinn sé í gildi. Eftir að samningurinn renni út telji ferðaskrifstofan sig aftur á móti ekki geta auglýst undir nafni Bændaferða. Þá hafi Terra Nova skipulagt fjölda bændaferða sem Bændaferðir hafi notið góðs af.

Hvað varðar fyrri ákvörðun samkeppnisráðs um orðið bændaferðir þá sé um gjörólík mál að ræða. Terra Nova Sól hafi verið með samning um notkun á nafninu og hefð hafi myndast um slíka notkun síðastliðin þrjú ár. Úrval-Útsýn hafi ekki haft slíkan samning.

## 3.

Bændaferðir tjáðu sig um svar Terra Nova Sólar með bréfi dagsettu 1. desember 2004. Þar er ítrekað að samningur ferðaskrifstofanna veiti Terra Nova Sól ekki rétt til að auglýsa með þeim hætti sem gert hafi verið. Samningurinn hafi kveðið á um takmarkað samstarf hvað varði innheimtu, útgáfu farseðla o.þ.h. Skýrt komi fram í samningnum að kynning og skipulag hafi verið á höndum Bændaferða.

Jafnframt er ítrekað að samningurinn hafi tekið til ferða á árinu 2004 og hafi síðasta ferðin í því samstarfi verið farin en auglýsingar Terra Nova hafi verið um ferðir á árinu 2005. Þá hafi Terra Nova Sól gefið til kynna að samstarfið væri enn virkt og segir dæmi um að fólk hafi bókað ferðir í þeirri trú að verið væri að bóka ferðir með Bændaferðum.

Bændaferðir komu einnig að athugasemdum í bréfi, dags. 14. desember 2004, þar sem viðskiptavinur lýsti símtali við starfsmann Terra Nova Sólar þar sem gefið var til kynna að fararstjóri Bændaferða til margra ára hefði tekið sér frí frá störfum.

Með bréfi, dags. 24. janúar 2005, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

## II.

### Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 18. febrúar 2005, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### 1.

Í máli þessu kvarta Bændaferðir yfir notkun Terra Nova Sólar á orðinu bændaferðir yfir ferðir sem farnar skyldu á árinu 2005. Kvartandi telur að Terra Nova Sól hafi brotið gegn ákvæðum 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Þá hefur komið fram að Samkeppnisstofnun taldi að ákvæði 20. gr. samkeppnislaga gætu einnig komið til álita í málinu. Terra Nova Sól telur sig hafa haft fullan rétt til að nota orðið bændaferðir á árinu 2004 á grundvelli samnings ferðaskrifstofanna.

Eins og fram hefur komið tók samkeppnisráð á árinu 2003 ákvörðun nr. 28 vegna kvörtunar Bændaferða yfir notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir. Í niðurstöðum ákvörðunarinnar segir m.a.:

*„Að mati samkeppnisráðs er orðið bændaferðir ekki almennt orð í íslensku og hníga því rök að því að orðið bændaferðir sé fyrst og fremst notað í tengslum við fyrirtækið Bændaferðir.*

*Með langri notkun orðsins Bændaferðir og með skráningu þess er það mat samkeppnisráðs að heitið hafi öðlast markaðsfestu sem aðgreini fyrirtækið frá keppinautum á markaðnum. Hafi það leitt til einkaréttar yfir orðinu. Verndin nái m.a. til þess að önnur fyrirtæki noti ekki heitið Bændaferðir*

*eða orðið bændaferðir þannig að ruglingshætta skapist. Með hliðsjón af framansögðu er það mat samkeppnisráðs að réttur Bændaferða til notkunar firmanafnsins sé verndaður af 1. málslíð 25. gr. samkeppnislaga...“*

Óumdeilt er í máli þessu að Terra Nova Sól notaði orðið bændaferðir í auglýsingum og kynningum á ferðum ferðaskrifstofunnar sem farnar skyldu á árinu 2005. Þá var Terra Nova Sól ljóst að Bændaferðir höfðu verið seldar annarri ferðaskrifstofu og að samningur Terra Nova Sólar við Bændaferðir væri ekki í gildi fyrir árið 2005. Þrátt fyrir þetta notaði Terra Nova Sól nafn Bændaferða til framdráttar eigin ferðum.

Í 25. gr. samkeppnislaga felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og hefur fyrri málslíður hennar að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, s.s. firmanafn, sem annar á. Samkeppnisráð ítrekar það sem fram hefur komið að orðið bændaferðir er ekki almennt orð og fær ráðið ekki séð að samningur Bændaferða og Terra Nova Sólar hafi afsalað rétti til orðsins bændaferðir til Terra Nova Sólar nema að því leyti sem fram kemur í samningi aðilanna. Ferðir fyrir árið 2005 voru þar ekki tilgreindar og að mati samkeppnisráðs skiptir þar ekki máli að tímasetning auglýsinganna sem slíkra hafi fallið innan gildistíma samningsins. Samkeppnisráð telur því að Terra Nova Sól hafi brotið ákvæði 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga.

Í 21. gr. samkeppnislaga segir m.a. að óheimilt sé að veita rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum, eða með öðrum hætti, enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn. Þá skuli auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum. Samkeppnisráð telur að notkun Terra Nova Sólar á orðinu bændaferðir fyrir ferðir á árinu 2005 hafi veitt neytendum rangar og villandi upplýsingar og hafi verið ósanngjörn gagnvart keppinautum.

Í 20. gr. samkeppnislaga er fjallað um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi og er ákvæðið almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Af greininni má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin síðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verði að telja að með hliðsjón af almennum síðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé síðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Að mati samkeppnisráðs hefur Terra Nova Sól, með notkun á orðinu bændaferðir í auglýsingum og kynningum á ferðum sem fara skyldu á árinu 2005, þ.e. eftir að

samningur ferðaskrifstofunnar við Bændaferðir var fallin úr gildi og fyrirtækinu var ljóst að hann yrði ekki endurnýjaður, brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga þar sem slíkt séu ekki góðir viðskiptahættir.

Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna Terra Nova Sól alla notkun orðsins bændaferðir.

### **III.**

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Með notkun á orðinu bændaferðir, í auglýsingum og með öðrum hætti, fyrir ferðir sem farnar skyldu á árinu 2005 hefur Terra Nova Sól ehf., Stangarhyl 3, Reykjavík, brotið gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.**

**Með heimild í 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Terra Nova Sól ehf. alla notkun orðsins bændaferðir, hvort heldur einu og sér eða sem hluta af samsettu orði.**

**Bannið tekur gildi við birtingu.**

**Verði ekki farið að banninu má gera ráð fyrir að viðurlögum verði beitt.“**